



Vinnuskjal

Efni: Viðhald og bætt íþróttastaða í Fjallabyggð

Málsnr.: 2301021

Dags.: 16.1.2023

Unnið af: RS

Inngangur:

Þann 10.01.2022 var erindi 2301021 - Erindi frá Blakfélagi Fjallabyggðar vegna slæms aðbúnaðar í íþróttahúsi lagt fyrir bæjarráð.

Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

Bæjarráð þakkar BF fyrir erindið og felur deildarstjóra fræðslu-, frístunda og menningarmála að leggja fyrir næsta fund bæjarráðs greinargerð um ástand keppnisbúnaðar íþróttamiðstöðva Fjallabyggðar ásamt kostnaðarmati og tillögu að úrbótum. Þá óskar bæjarráð jafnframt eftir greinargerð og tillögum um hvernig bæta skuli aðgengi. Óskað er eftir því að tillögurnar verði lagðar fyrir næsta fund bæjarráðs

Úrvinnsla:

Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála hafði samband við Hauk Sigurðsson fráfarandi forstöðumann íþróttamannvirkja og fékk aðstoð hans við að kortleggja málið. Í nokkurn tíma hefur verið reynt að koma keppnisstöðu og búnaði fyrir blak og badminton í gott horf, margt hefur áunnist undanfarin misseri, annað er í lokavinnslu og enn annað er ekki framkvæmanlegt eins og staðan er núna.

Búnaður í íþróttasal á Siglufirði.

Blak:

Blaksúlur fyrir 3 velli eru í góðu ástandi. Net sem keypt voru með súlunum pössuðu ekki, voru of löng þar sem "of stutt" er á milli gata í gólfi hússins.

Net eru í pöntun og koma vonandi upp úr miðjum febrúar. Viðbúið er að það þurfi að láta lagfæra netin (þrengja þau) því mögulega passa þau ekki út af gataplaninu í gólfinu, en það er hægt við þessi net, ef þess þarf.

Árekstrahlífar sem passa á blaksúlur eru til á 2 velli og verið að panta fleiri, eru í sömu pöntun og netin.

Skóðað hefur verið gaumgæfilega hvort hægt sé að færa götin fyrir keppnisvöllinn til í gólfinu. Það reyndist stórmál og nánast ógerlegt þar sem að gólfið er 30 cm á lofti fyrir ofan steypa plötu. Taka þyrfti upp parket og saga til og bæta ef skipta á um gataplan. Betra væri að rífa upp gólfið sem er orðið gamalt og lúið og setja nýjar festingar fyrir alla vellina á réttum stað og og leggja síðan nýtt golf.

Badminton:

Við vinnslu þessa vinnuskjals hafði fyrrverandi forstöðumaður íþróttamiðstöðva samband við fulltrúa Tennis- og badmintonfélags Siglufjarðar sem sagði að þær badmintonsúlur sem til eru í dag í húsinu séu í lagi.

Þá eru til ný net fyrir badminton á 6 velli. Mjög gott væri að smíða hækkun undir badmintonsúlurnar fyrir 2 – 3 velli svo að hægt sé að vera með barnablak. Möguleiki er að leita til SR, JE eða Vélsmiðju Ólafsfjarðar með þá vinnu.

Önnur tæki:

Búið er að kaupa ný körfuboltaspjöld fyrir vellina sem liggja þvert á salinn (hæðar stillanleg). En það þarf að færa festingarnar fyrir spjöldin sem fyrir eru þar sem þær eru á sama stað og millitjald kemur niður og eru því ónothæfar ef salnum er skipt.

Búið var að tala við verkataka um þetta í lok síðasta árs og upplagt að fara í nú á nýju fjárhagsári.

Varðandi líkamsræktarsalinn var farið í stóratök við að bólstra sæti og púða á tækjunum á síðasta ári. Í dag er þar eitt tæki sem vantar að skipta um rafhlöðu í og stendur það til bóta. Illa hefur gengið að fá varahluti í tæki á síðustu misserum..

Aðbúnaður í íþróttasal á Ólafsfirði.

Blak:

Blaksúlur fyrir 3 velli eru í góðu ástandi og net eru í lagi. Árekstrahlífar sem passa á blaksúlur eru til á einn völlum og verið að panta fleiri (í sömu pöntun og netin á Siglufirði).

Badminton.

Súlur í góðu ástandi og það eru til 6 net. Það mætti bæta við 2 netum þar. Kostnaður við tvö ný net er um kr. 40.000,-

Skýring vegna árekstrahlífa.

Til eru samtals 5 sett af árekstrarhlífum í báðum íþróttahúsum. Tvö af þessum settum passa ekki fyrir þær súlur sem eru í íþróttahúsunum en 3 af þeim passa. Eins og fram hefur komið eru þrjú sett nú í pöntun sem eru af þeirri gerð sem passa á súlurnar og fást hinum tveimur settunum skilað til Altis. Þegar þær eru komnar eru til árekstrahlífar á 3 velli í hvoru íþróttahúsi.

Eins og lesa má af þessu er ekki svo að aðstaða til keppnis sé alls óviðunandi, og að stuttum tíma liðnum ætti hún að vera komin í mjög gott horf að öðru leyti en því að göt í gólfi íþróttahússins á Siglufirði þarf að færa en það er ekki framkvæmanlegt fyrr en farið verður í að skipta um gólf í íþróttahúsinu.

Undirrituð er ekki með kostnaðarmat eða frekari tillögur til að uppfylla aðstöðu í íþróttahúsinu til keppni í blaki og badminton, þó eru verkefni sem mætti fara í til að bæta enn frekar aðstöðu en þau eru ekki bráðaþörf. Þegar sú sending sem nú er í pöntun (hlífar og net) er komin á staðinn og í gagnið er, að því sem undirrituð best kemst næst, ástand tækja og búnaðar orðið gott.

Inngangur að sunnan í íþróttahús á Siglufirði er neyðarútgangur. Hann er og hefur nýst hreyfihömluðum einstaklingum sem ekki geta notað aðalinngang hússins. Búið er að malbika framan við ramp við inngang íþróttahússins að sunnan til að auðvelda aðgengi. Verið er að skoða framtíðarlausn á aðgengi fyrir hreyfihamlaða og er viðbyggingu við sundlaug/íþróttahús ætlað að gera aðgengi fullnægjandi til framtíðar litið.

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála